

Þann 16. maí 2007 var haldinn fundur í Fræðslunefnd Húnavatnshrepps.  
Mæting samkvæmt undirskrift.

Dagskrá:

Kennararáðningar.

Önnur mál.

#### 1. Kennararáðningar.

Þorkell sagði frá því að ítrekað var auglýst eftir kennurum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Það skilaði engum umsóknum. Hinsvegar hafði borist umsókn áður frá Gunnari Tryggva Halldórssyni. Eftirtaldir sækja um áframhaldandi ráðningu:

Eva Therése Thörn

Þórunn Ragnarsdóttir

Magdalena M. Einarsdóttir

Kristín Jóna Sigurðardóttir

Skólastjóri mælir með ráðningu allra þessara umsækjenda. Fram kom að Eva Therése Thörn er að sækja um í kennaranámi (fjarnámi) í haust. Guðmundur Tryggvi Halldórsson er með BA gráðu í sagnfræði, er að ljúka MA gráðu í hagnýtri menningarmiðlun og ætlar að ljúka fjarnámi í kennsluréttindum næsta vetur (á framhaldsskólastigi). Fræðslunefnd samþykkir ráðningu allra þessara umsækjenda fyrir sitt leyti.

#### 2. Önnur mál.

Ægir las bréf frá Húnavatnshreppi þar sem fræðslunefnd er beðin um að fjalla um þá tillögu að kennslustundakvóti verði 306 stundir, skiptistundum verði fækkað úr 68 í 60. Tillagan var samþykkt með þrem atkvæðum gegn tveim, með þeim fyrirvara að þetta verði endurskoðað ef þetta reynist ekki vel. Einnig kom fram í bréfi Húnavatnshrepps að hreppsnefnd hefur samþykkt að taka upp fimm daga kennslu yngri barna á næsta skólaári. Skólastjóri kynnti málið sem er í vinnslu.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða:

“Fræðslunefnd skorar á Sveitarstjórn Húnavatnshrepps að gert verði átak í viðhaldi skólahúsnæðisins og þá með sérstakri áherslu á að komist verði fyrir þann vatnsleka sem sífellt er að aukast.”

Eline ræddi mál vegna gæslu forskólabarna.

Formaður ræddi trúnaðarmál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir

Pétur Pétursson

Ægir Sigurgeirsson

Þorkell Ingimarsson

Sigurður Árnason

Eline Schryver

Kristín Rós Sigurðardóttir

Gréta Björnsdóttir